

**Nd.**

**391. Frumvarp til laga**

[180. mál]

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

**1. gr.**

7. gr. 1. málsg. laga nr. 102/1936 orðist svo:

Landssmiðjan greiðir fasteignaskatt samkv. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga svo og landsútsvar samkv. IV. kafla sömu laga, en hún greiðir hvorki aðstöðugjald né útsvör.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 17. gr., er gert ráð fyrir, að landssmiðjan greiði landsútsvar, og einnig felst það í II. kafla þess frumvarps, að fyrirtæki þetta greiði fasteignaskatta til sveitarfélags. Þykir heppilegt að lögum um landssmiðju sé breytt til samræmis við þessi ákvæði frumvarpsins um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjöld, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.